Genie®
A TEREX COMPANY

Stjórnandahandbók

Z-34/22
Z-34/22N
DC Power

með
viðhaldsupplýsingum

Þýðing á upprunalegum
leiðbeiningum
Sixth Edition
First Printing
Part No. 1258814IS

Mikilvægt

Lestu, fáðu skilning á og hlýddu þessum öryggisreglum og notkunarleiðbeiningum áður en þú notar þessa vél. Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk hefur leyfi til að nota þessa vél. Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni þinni og hún ætti alltaf að fylgja vélinni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hringja í Genie.

Efni

Bls.

Öryggisreglur 1
Stjórntæki 10
Myndskýring 12
Skoðun fyrir notkun 13
Viðhald 15
Virknipróf 18
Könnun vinnustaðar 23
Notkunarleiðbeiningar 24
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 31
Límmiðar 34
Tæknilýsing 38

Hafðu samband við okkur:

Internet: http://www.genielift.com
tölvupóstur: awp.techpub@terex.com

Höfundarréttur © 1996 Genie Industries

Sjötta útgáfa: Fyrsta prentun, júlí 2014

„Genie“ og „Z“ eru skrásett vörumerki Genie Industries í Bandaríkjunum og mörgum öðrum löndum.

CE Í samræmi við EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

♻ Prentað á endurunninn pappír L

Prentað í B.N.A.

Öryggisreglur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.


☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

ÖRYGGISREGLUR

Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Haltu öruggri fjarlægð frá raflínum og -tækjabúnaði í samræmi við viðeigandi opinberar reglugerðir og eftirfarandi töflu.

Spenna Fasi til fasa	Lágmarks örugg fjarlægð til nálgunar Metrar
0 til 300 V	Forðast skal snertingu
300 V til 50 kV	3,05
50 kV til 200 kV	4,60
200 kV til 350 kV	6,10
350 kV til 500 kV	7,62
500 kV til 750 kV	10,67
750 kV til 1 000 kV	13,72

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.

Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Hætta á veltu


Starfsfólk, tækjabúnaður og efni skal ekki fara umfram hámarksburðargetu pallsins.

Hámarksburðargeta pallsins	227 kg
Hámarksburðargeta pallsins	
Vélbúnaður með varnarbúnaði fyrir flug	200 kg
Hámarksfjöldi starfsmanna	**2**

Þyngd valkosta og aukabúnaðar, svo sem röragrinda, töflugrinda og rafsuðuvéla mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall. Sjá límmiðana um valkosti.

CE- og Ástralíu-markaðir: Ekki nota loftfyllt dekk. Þessar vélar eru búnar froðufylltum dekkjum. Þyngd hjóla og rétt uppsetning mótvægis eru mikilvæg fyrir stöðugleikann.

Ekki lyfta eða setja út bómuna nema vélin sé á traustu, láréttu undirlagi.



Ekki treysta á hallaaðvörunina sem stöðuvísi. Hallaaðvörunin hljómar eingöngu á pallinum þegar vélin er í miklum halla.

Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan bóman er niðri: Ekki setja út, snúa eða lyfta bómunni upp fyrir lárétta stöðu. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð áður en pallinum er lyft.

ANSI-, CSA- og AUS-gerðir: Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi: Sýndu sérstaka gætni. Staðfestu ástand bómunnar í brekkunni eins og sýnt er að neðan. Fylgdu skrefunum til að lækka bómuna áður en vélin er færð á traust, lárétt yfirborð. Ekki snúa bómunni á meðan hún er lækkuð.


CE-gerðir: Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi skal gæta ýtrustu varúðar. Vísiljós um að vélin sé ekki lárétt kviknar og akstursaðgerðir, í aðra hvora áttina eða báðar, verða óvirkar. Staðfestu ástand bómunnar í brekkunni eins og sýnt er að neðan. Fylgdu skrefunum til að lækka bómuna áður en vélin er færð á traust, lárétt yfirborð. Ekki snúa bómunni á meðan hún er lækkuð.

Allar gerðir: Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn upp í móti:

1 Láttu aðalbómuna síga.

2 Láttu aukabómuna síga.

3 Dragðu inn aðalbómuna.




Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn niður í móti:

1 Dragðu inn aðalbómuna.

2 Láttu aukabómuna síga.

3 Láttu aðalbómuna síga.



ÖRYGGISREGLUR

Ekki breyta eða gera markrofana óvirka.

Ekki aka hraðar en 1 km/klst. með aðalbómuna á lofti eða dregna út eða aukabómuna á lofti.

Ekki nota stjórntæki pallsins til að losa pall sem er fastur, kræktur eða á annan hátt hindraður frá eðlilegri hreyfingu með aðliggjandi mannvirki. Allt starfsfólk verður að fara af pallinum áður en reynt er að losa hann með stjórntækjunum á jörðu niðri.

Ekki lyfta bómunni þegar vindhraði kann að fara yfir 12,5 m/s. Ef vindhraði fer yfir 12,5 m/s þegar bóman er á lofti skal láta hana síga og hætta notkun vélarinnar.

Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki stækka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er stækkað og það er berskjaldað fyrir vindi minnkar það stöðugleika vélarinnar.



Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt landslag, rusl, óstöðugt eða sleipt yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða öðrum hættulegum aðstæðum með bómuna á lofti eða útdregna.

Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram hámarksmálgildi vélarinnar hvað varðar brekkur upp í móti, niður í móti eða til hliðar. Málgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Z-34/22N, hámarksmálgildi halla, frágengin staða		
Mótvægi upp í móti	35%	19°
Mótvægi niður í móti	20%	11°
Hliðarhalli	25%	14°
Z-34/22 DC, hámarksmálgildi halla, frágengin staða		
Mótvægi upp í móti	30%	17°
Mótvægi niður í móti	20%	11°
Hliðarhalli	25%	14°

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.

Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.



Hámarks leyfilegur hliðarkraftur - ANSI & CSA
667 N


Hámarks leyfilegur handvirkur kraftur - CE
400 N

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hefur áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum af annarri þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki breyta loftvinnupallinum án fyrirfram skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Viðhengi til að halda verkfærum eða öðrum efnum við pallinn, gangbretti eða handriðakerfi geta aukið þyngd á pallinum og yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar.

Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki setja stiga eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.

Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Gættu þess að öll dekk séu í góðu ásigkomulagi og að eyrnarær séu almennilega hertar.

Ekki nota rafgeyma sem vega minna en upprunalegi búnaðurinn. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir fyrir stöðugleika vélarinnar. Hver rafgeymir þarf að vega minnst 40 kg. Hvert rafgeymahólf sem inniheldur rafgeyma verður að vega að lágmarki 205 kg.

Ekki nota vélina sem krana.

Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með bómunni.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með bómunni.

Ekki binda bómuna eða pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.

ÖRYGGISREGLUR

Fallhætta



Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar og fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum. Tengdu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.

Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.

Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.






Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Láttu miðteininn í hliði pallsins síga eða lokaðu inngangshliðinu fyrir notkun.

Ekki fara upp á eða af pallinum nema vélin sé í frágenginni stöðu og pallurinn við jörðu.

Árekstrarhætta



Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindum blettum þegar ekið er eða unnið.

Gættu þín á stöðu bómu þegar snúanlega hlutanum er snúið.

Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.





Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Fylgdu og notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og undirvagninum við aksturs- og stýringaraðgerðir.

Ekki láta bómuna síga nema ekkert starfsfólk og engar fyrirstöður séu á svæðinu fyrir neðan.



Takmarkaðu akstursshraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þröng, brekku, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Ekki nota bómuna í slóð krana nema stjórntækjum kranans hafi verið læst og/eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélin er notuð.

Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og *Þjónustuhandbók Genie Z-34/22 & Genie Z-34/22N.*

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.

ÖRYGGISREGLUR

Hætta á líkamstjóni

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og/eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

Myndskýring límmiða

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn—notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.

⚠DANGER

Rauður—notaður til að benda á tilvist yfirvofandi hættuástands sem leiðir til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠WARNING

Appelsínugulur—notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla ef ekki er brugðist við því.

⚠CAUTION

Gulur með öryggisviðvörunartákni—notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti valdið lítilsháttar eða frekar alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við því.

CAUTION

Gulur án öryggisviðvörunartákns—notaður til að benda á tilvist hugsanlegs hættuástands sem gæti leitt til eignaskemmda ef ekki er brugðist við því.


NOTICE

Grænn—notaður til að benda á notkunar- eða viðhaldsupplýsingar.

Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna

Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.



Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Rafgeymapakkinn verður að haldast í uppréttri stöðu.

Ekki hafa rafgeyma eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.

Hlífin á rafgeymapakkanum má ekki vera á meðan á hleðsluferlinu stendur.

Ekki snerta rafgeymaskautin eða kapalklemmurnar með verkfærum sem gætu valdið neistum.

Hætta vegna skemmdra íhluta

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 48 V til að hlaða rafgeymana.

Hlaða verður báða rafgeymapakka saman.

Aftengdu tengið á rafgeymapakkanum áður en pakkinn er fjarlægður.

Hætta á raflosti



Tengdu hleðslutækið aðeins við jarðtengda 3-víra rafmagnsinnstungu.

Kannaðu daglega hvort skemmdir séu á snúrum, köplum og vírum. Endurnýjaðu skemmda hluti fyrir notkun.

Forðastu raflost vegna snertingar við rafgeymaskaut. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.


Hætta á veltu

Ekki nota rafgeyma sem vega minna en upprunalegi búnaðurinn. Rafgeymar eru notaðir sem mótvægi og eru nauðsynlegir fyrir stöðugleika vélarinnar. Hver rafgeymir þarf að vega minnst 40 kg. Hvert rafgeymahólf sem inniheldur rafgeyma verður að vega að lágmarki 205 kg.

Lyftihætta

Notaðu gaffallyftara til að fjarlægja eða setja upp rafgeymapakkana.

Stjórntæki



Stjórnborð palls

1 Akstursvirkjunarrofi

2 Vísiljós fyrir akstursvirkjun

3 ANSI/CSA-gerðir: Vararafmagnsrofi
CE-gerðir: Vararafmagnsrofi með hlíf

4 Jafnvægisrofi palls

5 Flautuhnappur

6 Rofi til að setja út/draga inn aðalbómu

7 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

8 Hunsa aðgerð - Varnarbúnaður fyrir flug (ef hann er til staðar)

9 Hleðsluvísir rafgeymis og/eða lágspennuútsláttur (valkostur)

10 Vísiljós þegar vél er ekki lárétt (ef til staðar)

11 Hlutfallsstýringarhandfang fyrir aksturaðgerð og þumalveltirofi fyrir stýringaraðgerð

12 Viðvörunarljós fyrir yfirálag palls (ef til staðar)

13 Hraðastýring bómuaðgerðar

14 Rofi fyrir klýfurbómu upp/niður

15 Rofi fyrir aukabómu upp/niður


16 Rofi fyrir aðalbómu upp/niður

17 Snúningsrofi snúanlega hlutans

18 Snúningsrofi palls

19 Ekki notað

STJÓRNTÆKI



Stjórnborð á jörðu niðri

1 Rofi fyrir aukabómu upp/niður

2 Snúningsrofi snúanlega hlutans

3 Snúningsrofi palls

4 Jafnvægisrofi palls

5 Rofi til að setja út/draga inn aðalbómu

6 ANSI/CSA-gerðir: Vararafmagnsrofi
CE-gerðir: Vararafmagnsrofi með hlíf

7 Lykilrofi til að velja pallur/frá/jörðu

8 Klukkustundamælir

9 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

10 10 A rofi fyrir rafrásir

11 Viðvörunarljós fyrir yfirálag palls (ef til staðar)


12 Ekki notað

13 Rofi fyrir klýfurbómu upp/niður

14 Rofi fyrir aðalbómu upp/niður

15 Rofi til að virkja aðgerð

Myndskýring



1 Föst dekk
2 Rafgeymahólf
3 Stýridekk
4 Rafmagn til hleðslutækis (milli stýridekkjanna)
5 Stjórntæki á jörðu niðri
6 Aukabóma
7 Aðalbóma
8 Klýfurbóma
9 Stjórntæki palls
10 Pallur
11 Festipunktur fyrir dragreipi
12 Miðteinn sem rennur til
13 Geymsluílát handbókar
14 Fótrofi

Skoðun fyrir notkun



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðuninni er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva hvort eitthvað er sýnilega að vélinni áður en hann framkvæmir virkniprófin.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

Sjáðu listann á næstu síðu og athugaðu hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu framkvæma reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem taldar eru upp í ábyrgðarhandbókinni.

SKOÐUN FYRIR NOTKUN

Skoðun fyrir notkun

- ❏ Vertu viss um að stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbækur séu heilar, læsilegar og í geymsluílátinu sem staðsett er á pallinum.
- ❏ Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir. Sjá hlutann um límmiða.
- ❏ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu á olíu ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ❏ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu á eimuðu vatni ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.
- ❏ Z-34/22: Athugaðu með réttan loftþrýsting í dekkjum. Bættu í lofti ef þörf er á. Sjá hlutann um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❏ Rafmagnsíhlutum, leiðslum og rafmagnsköplum
- ❏ Vökvaafleiningu, tanki, slöngum, tengingum, tjökkum og greinum
- ❏ Aksturs- og snúningsmótor og drifnöfum
- ❏ Slitpúðum bómu
- ❏ Dekkjum og felgum
- ❏ Takmörkunarrofum, aðvörunum og flautu
- ❏ Róm, boltum og öðrum festingum
- ❏ Miðteinsslá eða hliði palls
- ❏ Snúningsljósum og aðvörunum (ef til staðar)
- ❏ Festipunktar fyrir dragreipi

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❏ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❏ Dælda eða skemmda á vél

- ❏ Gættu þess að allir íhlutir samsetningar og aðrir mikilvægir íhlutir séu til staðar og allar tengdar festingar og pinnar séu á sínum stað og rétt hertir.
- ❏ Gakktu úr skugga um að rafgeymarnir séu á sínum stað, kræktir og almennilega tengdir.
- ❏ Eftir að þú lýkur skoðuninni skaltu gæta þess að allar hlífar fyrir hólfum séu á sínum stað og kræktar.

Viðhald

Virða og hlýða:

- ☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.
- ☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.
- ☑ Farga skal efni í samræmi við opinberar reglugerðir.

Myndskýringar viðhaldstákna

TIL ATHUGUNAR Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.

Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum til að framkvæma þetta verklag.

Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.

Athuga stöðu glussa

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Vertu viss um að bóman sé í frágenginni stöðu.

2 Athugaðu stöðu glussa.

⊙ Niðurstaða: Glussastaðan ætti að vera milli merkjanna FULL (FULLUR) og ADD (BÆTA VIÐ) á glussatankinum.

3 Bættu á glussa ef nauðsyn krefur.

Tæknilýsing glussa

Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi Premium MV

VIÐHALD

Athuga rafgeymana

Almennilegt ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á raflosti/bruna. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

TIL ATHUGUNAR Framkvæmdu þetta próf eftir að hafa fullhlaðið rafgeymana.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífar.

2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.

Venjulegir rafgeymar

3 Fjarlægðu öndunarlokin af rafgeyminum.

4 Athugaðu stöðu rafgeymasýru. Ef þörf er á skaltu fylla með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörs rafgeymisins. Ekki yfirfylla.

5 Settu öndunarlokin á.

Athuga loftþrýsting í dekkjum

TIL ATHUGUNAR Ekki þarf að framkvæma þessa rútínu á vélum sem búnar eru froðufylltum eða gegnheilum dekkjum.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á líkamstjóni. Dekk sem blásið er of mikið upp getur sprungið og kann að valda dauða eða alvarlegum meiðslum.

⚠ AÐVÖRUN Hætta á veltu. Ekki nota viðgerðarvörur til bráðabirgða þegar dekk springur.

Til að tryggja hámarksstöðugleika, ná bestu meðhöndlun vélar og lágmarka dekkjaslit er mikilvægt að viðhalda réttum þrýstingi í öllum loftfylltum dekkjum.

1 Athugaðu hvert dekk með loftmæli og bættu í lofti eftir þörfum.

Loftþrýstingur í dekkjum	
Iðnaðardekk	6,89 bör

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Virknipróf



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og fjarlægja hana úr vinnu. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virknipróf aftur áður en vélin er tekin í notkun.

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, lárétt og laust við hindranir.

Við stjórntæki á jörðu niðri

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum á jörðu niðri.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Snúningsljósið (ef til staðar) ætti að leiftra.

Prófun neyðarstöðvunar

4 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Engar stjórntækjaaðgerðir á jörðu niðri og á palli ættu að virka.

5 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

Prófa bómuaðgerðir

6 Ekki halda aðgerðavirkjunarrofanum til annarrar hvorrar hliðar. Reyndu að virkja hvern veltirofa fyrir aðgerðir bómu og palls.



⊙ Niðurstaða: Engar bómu- og pallaðgerðir ættu að virka.

7 Haltu aðgerðavirkjunarrofa til hvorrar hliðar og virkjaðu hvern veltrofa fyrir aðgerðir bómu og palls.


⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir bómu og palls ættu að virka heila hringrás. Lækkunaraðvörunin (ef til staðar) ætti að hljóma á meðan bóman er látin síga.

Prófa hallaskynjarann

8 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna. Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum pallsins.

9 Opnaðu hliðarhlíf snúanlega hlutans þeim megin sem stjórntæki á jörðu niðri eru og staðsettu hallaskynjarann við hlið aðgerðargreinarinnar.

10 Ýttu niður annarri hlið hallaskynjarans.



⊙ Niðurstaða: Aðvörunin sem staðsett er í pallinum ætti að hljóma.

Við stjórntæki pallsins

11 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum pallsins.

12 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Snúningsljósið (ef til staðar) ætti að leiftra.

Prófun neyðarstöðvunar

13 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Engin stjórntækjaaðgerð pallsins ætti að virka.

VIRKNIPRÓF

Prófa flautuna

14 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

15 Ýttu á flautuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Flautan ætti að hljóma.

Prófa fótrofann

16 Ekki stíga á fótrofann. Virkjaðu hverja aðgerð vélarinnar.

⊙ Niðurstaða: Aðgerðir vélarinnar ætti ekki að virka.

Prófa aðgerðir vélar

17 Stígðu á fótrofann.

18 Virkjaðu hvern veltirofa fyrir aðgerðir vélarinnar.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir bómu og palls ættu að virka heila hringrás.

Ath.: Stjórnaðu hraða bómuaðgerða með því að aðlaga hraðastýringu bómuaðgerðar. Hraðastýring bómuaðgerðar hefur engin áhrif á aksturs- og stýringaraðgerðir.

Prófa stýringuna

19 Stígðu á fótrofann.

20 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturstýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir á.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að beygja í þá átt sem blái þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

21 Þrýstu niður þumalveltirofanum í þá átt sem guli þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir á.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að beygja í þá átt sem guli þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

Prófa akstur og hemlun

22 Stígðu á fótrofann.

23 Færðu aksturs stýrihandfangið hægt í þá átt sem bláa örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Akstursaðvörunin ætti að hljóma. Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem bláa örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

24 Færðu aksturs stýrihandfangið hægt í þá átt sem gula örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Akstursaðvörunin ætti að hljóma. Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem gula örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

Ath.: Hemlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum brekkum sem hún getur ekið upp.

Prófa takmarkaðan akstursshraða

25 Stígðu á fótrofann.

26 Lyftu aðalbómunni 30 cm.

27 Færðu aksturs stýrihandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksakstursshraði sem hægt er að ná með aðalbómuna á lofti ætti ekki að fara yfir 30 cm á sekúndu.

28 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

29 Lyftu aukabómunni 30 cm.

30 Færðu aksturs stýrihandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksakstursshraði sem hægt er að ná með aukabómuna á lofti ætti ekki að fara yfir 30 cm á sekúndu.

31 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

32 Settu út aðalbómuna um 30 cm.

33 Færðu aksturs stýrihandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksakstursshraði sem hægt er að ná með aðalbómuna útsetta ætti ekki að fara yfir 30 cm á sekúndu.

Ef akstursshraði með aðalbómuna á lofti eða setta út, eða aukabómuna á lofti fer yfir 30 cm á sekúndu skal samstundis merkja og taka vélina úr umferð.

VIRKNIPRÓF

Prófa akstursvirkjunarkerfið

34 Stígðu á fótrofann og dragðu aðalbómuna inn í frágengna stöðu.

35 Snúðu snúanlega hlutanum þar til bóman hreyfist framhjá öðru fasta hjólinu.

⊙ Niðurstaða: Vísiljós fyrir akstursvirkjun ætti að kvikna og loga á meðan bóman er einhvers staðar á því sviði sem sýnt er.



36 Hreyfðu aksturstýrihandfangið út frá miðjunni.


⊙ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti ekki að virka.

37 Haltu veltirofa akstursvirkjunar upp eða niður og færðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

⊙ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti að virka.

Ath.: Þegar akstursvirkjunarkerfið er í notkun kann vélin að aka í gagnstæða átt við hvernig aksturs- og stýringarhandfangið er hreyft.

Notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að bera kennsl á akstursátt.



Prófa valaðgerðina lyfta/aka (ef til staðar)

38 Stígðu á fótrofann.

39 Færðu aksturssstýrihandfangið út frá miðju og virkjaðu veltirofa bómuaðgerðar.

⊙ Niðurstaða: Engin bómuaðgerð ætti að virka. Vélin hreyfist í þá átt sem gefin er til kynna á stjórnborðinu.

Könnun vinnustaðar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu könnun vinnustaðar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að framkvæma slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Könnun vinnustaðar

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- þverhnípi eða holur
- ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- hallandi yfirborð
- óstöðugt eða sleipt yfirborð
- fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- hættulegar staðsetningar
- ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- vind og veðuraðstæður
- návist starfsfólks í leyfisleysi
- aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn Notkunarleiðbeiningar veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkunar vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef ætlast er til að fleiri en einn stjórnandi noti vélina á mismunandi tímum á sömu vakt verða þeir allir að vera viðurkenndir stjórnendur og er ætlast til þess að þeir fylgi allir öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í stjórnanda-, öryggis- og ábyrgðarhandbókunum. Það þýðir að hver nýr stjórnandi ætti að framkvæma skoðun fyrir notkun, virknipróf og könnun vinnustaðar áður en hann notar vélina.

Neyðarstöðvun

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna á stjórntækjum á jörðu niðri og palli til að stöðva allar aðgerðir vélarinnar.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Val og notkun stjórntækja á jörðu niðri hnekkir rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum.

Varastjórntæki

Notaðu vararafmagn ef aðalaflgjafinn bilar.

1 Vertu viss um að báðir rafgeymapakkarnir séu tengdir áður en vélin er notuð.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum á jörðu niðri eða palli.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

4 Stígðu á fótrofann þegar varastjórntæki er notuð frá pallinum.

5 CE-gerðir: Rjúfðu innsiglið og taktu hlífina af.

Ath.: Ef innsiglið er rofið eða ekki til staðar skaltu lesa þér til í viðeigandi Genie-þjónustuhandbók.

6 Haltu um leið vararafmagnsrofanum inni og virkjaðu viðeigandi aðgerð.



Bómu-, stýringar- og akstursaðgerðir virka með vararafmagninu.

Notkun frá jörðu

1 Vertu viss um að báðir rafgeymapakkarnir séu tengdir áður en vélin er notuð.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum á jörðu niðri.

3 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í ástöðuna.

Að staðsetja pall



1 Haltu aðgerðavirkjunarrofanum til annarrar hvorrar hliðar.

2 Færðu viðeigandi veltirofa í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.

Aksturs- og stýringaraðgerðir eru ekki tiltækar frá stjórntækjum á jörðu niðri.

Notkun frá palli

1 Vertu viss um að báðir rafgeymapakkarnir séu tengdir áður en vélin er notuð.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum pallsins.

3 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í ástöðuna.

Að staðsetja pall

1 Stilltu hraðastýringu aðgerðarhraða bómu á óskaðan hraða.

Ath.: Hraðastýring bómuaðgerðar hefur engin áhrif á aksturs- og stýringaraðgerðir.

2 Stígðu á fótrofann.

3 Færðu viðeigandi veltirofa í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Að stýra

1 Stígðu á fótrofann.

2 Snúðu stýrishjólunum með þumalveltirofanum sem staðsettur ofan á akstursstýrihandfanginu.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt hjólin munu snúast.

Að aka

1 Stígðu á fótrofann.

2 Auka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Minnka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt í átt að miðjunni.

Stöðva: Færðu akstursstýrihandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Akstursshraði vélar er takmarkaður þegar bómur eru á lofti eða útsettar.

Ástand rafgeymis hefur áhrif á frammistöðu vélar.

Ekið í brekku

Ákvarðaðu málgildi halla upp í móti, niður í móti og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.



Hámarks málgildi halla, mótvægi upp í móti (klifurgeta):
Z-34/22N: 35% (19°)
Z-34/22 DC: 30% (17°)



Hámarks málgildi halla, mótvægi niður í móti: 20% (11°)



Hámarksmálgildi hliðarhalla: 25% (14°)

Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi. Hugtakið klifurgeta á aðeins við um uppstillingu með mótvægið upp í móti.

Gættu þess að bóman sé fyrir neðan lárétt og að pallurinn sé milli föstu hjólanna.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EÐA notaðu eftirfarandi verklag.

Þú þarft:

hallamál

beinan viðarbút, að minnsta kosti 1 m á lengd

málband


Leggðu viðarbútinn í brekkuna.

Leggðu hallamálið ofan á lægri enda viðarbútsins og lyftu honum þar til viðarbúturinn er láréttur.

Mældu vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og þú heldur honum láréttum.

Deildu í málbandsmælinguna (lyftingu) með lengd viðarbútsins (lengdin) og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 3,6 m

Lengd = 3,6 m

Lyfting = 0,3 m

0,3 m ÷ 3,6 m = 0,083 x 100 = 8,3% halli

Ef brekkan fer umfram hámarksmálgildi fyrir halla upp eða niður eða hliðarhalla, þá verður að draga vélina á spili eða flytja hana upp eða niður brekkuna. Sjá hlutann Flutningur og lyfting.

Akstursvirkjun



Logandi ljós gefur til kynna að bóman hafa hreyfst framhjá öðru hvoru föstu hjóli og akstursaðgerðin hafi verið stöðvuð.

Til að aka skaltu halda akstursvirkjunarrofa upp eða niður og færa aksturssstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Gerðu þér grein fyrir að vélin kann að hreyfast í gagnstæða átt við þá sem stjórntæki aksturs og stýringar eru hreyfð í.

Notaðu alltaf litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Lágspennuútsláttur (ef til staðar)

Vélar búnar lágspennuútslætti tapa aðgerðinni bóma-upp á aðal- og aukabómu frá pallinum þegar rafgeymar þarfnast hleðslu.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR


Vísiljós þegar vél er ekki lárétt



ANSI-, CSA- og AUS-gerðir: Logandi ljós gefur til kynna að vélin sé ekki lárétt. Hallaaðvörunin hljómar þegar þetta ljós logar. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð. Kannaðu ástand bómunnar í brekkunni eins og sýnt er að neðan. Fylgdu skrefunum til að lækka bómuna áður en vélin er færð á traust, lárétt yfirborð. Ekki snúa bómunni á meðan hún er lækkuð.

CE-gerðir: Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi kviknar vísiljós um að vélin sé ekki lárétt og akstursaðgerðir, í aðra hvora áttina eða báðar, verða óvirkar. Kannaðu ástand bómunnar í brekkunni eins og sýnt er að neðan. Fylgdu skrefunum til að lækka bómuna áður en vélin er færð á traust, lárétt yfirborð. Ekki snúa bómunni á meðan hún er lækkuð.

Allar gerðir: Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn upp í móti:




1 Láttu aðalbómuna síga.

2 Láttu aukabómuna síga.

3 Dragðu inn aðalbómuna.

Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn niður í móti:



1 Dragðu inn aðalbómuna.

2 Láttu aukabómuna síga.

3 Láttu aðalbómuna síga.

Viðvörunarljós fyrir yfirálag palls (ef til staðar)



Leiftrandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn og engar aðgerðir virka.

Fjarlægðu hluti af pallinum þar til ljósið slokknar.

Varnarbúnaður fyrir flug (ef hann er til staðar)

Ef stuðarar á grindinni snerta einhverja hluta flugvélarinnar slekkur vélin á sér og allar aðgerðir stöðvast.

1 Ræstu vélina.

2 Stígðu á fótrofann.

3 Snúðu og haltu rofanum til að hunsa varnarbúnaðinn fyrir flug.

4 Færðu viðeigandi stýrihandfang eða veltirofa til að færa vélina frá flugvélaríhlutunum.

Fallvörn

Þörf er á persónulegum fallvarnarbúnaði (PFPE) þegar þessi vél er notuð.

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda hans.

Eftir hverja notkun

1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni—traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

3 Snúðu snúanlega hlutanum þannig að bóman sé milli föstu hjólanna.

4 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.

5 Hladdu rafgeymana.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR



Leiðbeiningar um rafgeymi og hleðslutæki

Virða og hlýða:

☑ Ekki nota ytri hleðslutæki eða ræsigeyma.

☑ Hlaðið rafgeyma á vel loftræstu svæði.

☑ Notið rétta spennu fyrir hleðslu eins og tilgreint er á hleðslutækinu.

☑ Aðeins má nota rafgeyma og hleðslutæki sem vottuð eru af Genie.

Hleðsla rafgeyma

1 Gangið úr skugga um rafgeymarnir séu tengdir áður en hleðsla hefst.

2 Opnið rafgeymahólfið. Hólfið þarf að vera opið á meðan hleðslu stendur.

Viðhaldslausir rafgeymar

1 Tengið hleðslutækið við jarðtengda AC-rás.

2 Hleðslutækið lætur vita þegar rafgeymirinn er fullhlaðinn.

Venjulegir rafgeymar

1 Fjarlægið loftlokur rafgeymisins og athugið sýrustig rafgeymisins. Ef þörf krefur skal hella aðeins því magni af eimuðu vatni sem þarf til að þekja plöturnar. Ekki yfirfylla fyrir hleðslu.

2 Setjið loftlokur rafgeymisins á sinn stað.

3 Tengið hleðslutækið við jarðtengda AC-rás.

4 Hleðslutækið lætur vita þegar rafgeymirinn er fullhlaðinn.

5 Athugið sýrustig rafgeymisins þegar hleðslu er lokið. Fyllið á nýjan leik með eimuðu vatni að enda áfyllingarslöngunnar. Yfirfyllið ekki.

Leiðbeiningar um fyllingu og hleðslu þurrgeymis

1 Fjarlægðu öndunarlok rafgeymisins og fjarlægðu plastinnsiglið varanlega af öndunargötum rafgeymisins.

2 Fylltu hvert hólf með rafgeymasýru (raflausn) þar til hæðin er nægileg til að hylja plöturnar.

Ekki fylla upp að hámarksstöðu fyrr en hleðsluferli rafgeymisins er lokið. Yfirfylling getur valdið því að rafgeymasýra flæðir upp úr meðan á hleðslu stendur. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

3 Settu öndunarlok rafgeymisins á.

4 Hladdu rafgeyminn.

5 Athugaðu stöðu rafgeymasýrunnar þegar hleðsluferlinu er lokið. Fylltu með eimuðu vatni upp að neðri hluta áfyllingarrörsins. Ekki yfirfylla.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Virða og hlýða:

- ☑ Leggja verður flutningsökutækinu á jafnsléttu.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ☑ Vertu viss um að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeraplötu vegna þyngdar vélarinnar.
- ☑ Vélin verður að vera á láréttu yfirborði eða fest áður en hemlarnir eru losaðir.
- ☑ Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Sjá Ekið í brekku í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.
- ☑ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarksmálgildi varðandi halla upp eða niður í móti verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er.

Fríhjóla-uppstilling fyrir drátt með spili

1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

2 Losaðu hemlana á föstu hjólunum með því að snúa til aftengingarlokum átaksnafanna (sjá að neðan).


3 Vertu viss um að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.

Eftir að vélin hefur verið fermd:

1 Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

2 Settu hemlana á föstu hjólin með því að snúa til aftengingarlokum átaksnafanna (sjá að neðan).

Ekki er mælt með að Genie Z-34/22 eða Genie Z-34/22N séu dregnar. Ef draga verður vélina skal ekki fara umfram 3,2 km/klst.



LEIÐBEININGAR UM FLUTNING OG LYFTINGU

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Alltaf skal skorða hjól vélarinnar þegar flutningur er undirbúinn.

Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.

Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.


Undirvagninn festur

Notaðu tengipunktana á undirvagninum til að festa niður á flutningsflötinn.

Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 4 keðjur.

Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.




Pallurinn festur

Gakktu úr skugga um að klýfurbóman og pallurinn séu í frágenginni stöðu.

Settu kubb undir brún pallsins fyrir neðan aðgangsstað hans.

Festu pallinn með nælonól sem sett er yfir festingu pallsins nálægt snúningsbúnaði hans (sjá að neðan). Ekki nota óhóflegan niðurkraft þegar bómuhlutinn er festur.



Virða og hlýða:

- ☑ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa og lyfta vélinni.
- ☑ Vertu viss um að geta kranans, fermingarfletir og ólar eða taugar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeraplötu vegna þyngdar vélarinnar.

Lyftileiðbeiningar


Láttu bómuna síga til fulls og dragðu hana inn. Láttu klýfurbómuna síga til fulls. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.

Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð töflunnar og myndarinnar á þessari síðu.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við tilnefnda lyftipunkta á vélinni. Það eru fjórir lyftipunktar á undirvagninum.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.

Gerð	Z-34/22	Z-34/22N
X-ás	74,6 cm	86,3 cm
Y-ás	98,6 cm	81,2 cm



Límmiðar


Skoðun á límmiðum með orðum á

Ákvarðaðu hvort límmiðarnir á vélinni þinni séu með orðum eða táknum. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Part No.	Decal Description	Quantity
27564	Danger - Electrocution Hazard	2
28161	Warning - Crushing Hazard	3
28164	Notice - Hazardous Materials	1
28165	Notice - Foot Switch	1
28171	Label - No Smoking	1
28174	Label - Power to Platform, 230V	2
28175	Caution - Compartment Access	1
28176	Notice - Missing Manuals	1
28177	Warning - Platform Rotate	2
28181	Warning - No Step or Ride	1
28235	Label - Power to Platform, 115V	2
28236	Warning - Failure To Read . . .	1
28372	Caution - Component Damage	2
31060	Danger - Tip-over Hazard, Interlock	4
31508	Notice - Power to Charger	1
31784**	Notice - Tire Specifications, Z-34/22 DC	4
31785	Notice - Battery Charger Instructions	2
31788	Danger - Battery/Charger Safety	2
32728	Label - Inverter Option Patch	1
35542	Notice - Tire Specifications, Z-34/22N	4
37052	Notice - Maximum Load, 500 lbs / 227 kg	1
37053	Arrow - Blue	1
37054	Arrow - Yellow	1
37055	Triangle - Blue	2
37056	Triangle - Yellow	2
40299	Notice - Battery Connection Diagram	2
40300	Danger - Tip-over, Batteries	2
40434	Label - Lanyard Anchorage	2
43595*	Danger - Tip-over Hazard, Tires (Z-34/22 DC only)	4
44248	Label - Maximum Capacity, 440 lbs (Aircraft Protection Package)	1
44980	Label - Power to Charger, EE	1
44981	Label - Air Line to Platform	2
44986	Notice - Max Manual Force, 90 lbs / 400 N	1
46468	Label - Function Override (Aircraft Protection Package)	1
52947	Notice - Operating Instructions, Ground	1
52968	Cosmetic - Genie Boom	1
62930	Cosmetic - Genie Z-34/22	1
62931	Cosmetic - Genie Z-34/22 DC Power	2
62932	Cosmetic - Genie Z-34/22N	1
62933	Cosmetic - Genie Z-34/22N	2
65171	Label - Circuit Breaker & Status Light	1
65301*	Notice - Tire Specifications, Z-34/22 DC	4
72081	Platform Control Panel	1
72833	Label - Open	2
72867	Label - Work Lights Option Patch	1
72999	Label - Environ MV46	1
82161	Label - UCON Hydrolube, HP-5046	1
82366	Label - Chevron Rando	1
82592	Ground Control Panel	1
97890	Danger - Safety Rules	2
97893	Notice - Max Side Force, 150 lbs / 667 N	1
114397	Danger - Tilt-Alarm	1
133286	Label - Power to Charger, Universal	1
139587	Label - Wheel Load, Z-34/22 DC	4
139590	Label - Wheel Load, Z-34/22N	4
1000043	Notice - Operating Instructions, Platform	1

* Australia market only
** ANSI market only

LÍMMIÐAR



Shading indicates decal is hidden from view, i.e., under covers.

LÍMMIÐAR


Skoðun á límmiðum með táknum á

Ákvarðaðu hvort límmiðarnir á vélinni þinni séu með orðum eða táknum. Framkvæmdu viðeigandi skoðun til að staðfesta að allir límmiðar séu læsilegir og á sínum stað.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Fjöldi
28171	Merkimiði - Reykingar bannaðar	1
28174	Merkimiði - Rafmagn til palls 230 V	2
28235	Merkimiði - Rafmagn til palls 115 V	2
32728	Merkimiði - Valkvæð bót áriðils	1
37053	Ör - Blá	1
37054	Ör - Gul	1
37055	Þríhyrningur - Blár	2
37056	Þríhyrningur - Gulur	2
40434	Merkimiði - Festipunktur fyrir dragreipi	2
44981	Merkimiði - Loftleiðsla til palls	2
46468	Merki - Hunsa aðgerð (varnarbúnaður fyrir flug)	1
52968	Fegrandi - Genie Boom	1
62930	Fegrandi - Genie Z-34/22	1
62931	Fegrandi - Genie Z-34/22 DC Power	2
62932	Fegrandi - Genie Z-34/22N	1
62933	Fegrandi - Genie Z-34/22N	2
72081	Stjórnborð palls	1
72867	Merkimiði - Valkvæð bót vinnuljósa	1
82472	Aðvörun - Hætta á að kremjast	3
82481	Hætta - Öryggi rafgeymis	2
82487	Merkimiði - Notkunarleiðbeiningar	2
82544	Hætta - Hætta á raflosti	2
82548	Aðvörun - Snúningur palls	2
82592	Stjórnborð á jörðu niðri	1
82601	Hætta - Hámarksgeta 227 kg	1
82602	Hætta - Hámarks hliðarkraftur 667 N	1
82604	Hætta - Hámarks handvirkur kraftur 400 N	1
82610	Merkimiði - Útsláttarrofi og stöðuljós	1
82611	Merkimiði - Akstursvirkjunarbót	1
82612	Merki - Hámarksgeta, 200 kg (varnarbúnaður fyrir flug)	1
82942**	Merkimiði - Dekkjaþrýstingur (Aðeins Z-34/22 DC)	4
97815	Merkimiði - Lækka miðtein	1
114249*	Hætta - Veltihætta, dekk (Aðeins Z-34/22 DC)	4
114343	Merkimiði - Neyðarlækkun	1
133286	Merkimiði - Rafmagn til hleðslutækis	1
139587	Merkimiði - Álag á hjóli, Z-34/22 DC	4
139590	Merkimiði - Álag á hjóli, Z-34/22N	4

* Aðeins CE-markaður
** Aðeins ANSI-markaður

LÍMMIÐAR



Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

Tæknilýsing

Z-34/22N	
Hæð, hámark fyrir vinnu	12,5 m
Hæð, hámark fyrir pall	10,5 m
Hæð, hámark frágenginn	2 m
Hámarksseiling lóðrétt	6,8 m
Breidd	1,5 m
Lengd, frágenginn	5,7 m
Hámarksburðargeta	227 kg
Hámarksvindhraði	12,5 m/s
Hjólhaf	1,9 m
Snúningsgeisli (ytri)	4,1 m
Snúningsgeisli (innri)	2,1 m
Hæð frá jörðu	12,7 cm
Snúningur snúanlega hlutans (gráður)	355°
Endasveifla hringsnúnings	0
Aflgjafi"	8 flokkur 902, J305, 6 V 315 AH rafgeymar
Akturshraðar, hámark	
Bóma frágengin	6,4 km/klst. 12,2 m/6,8 sek.
Bóma á lofti eða útsett	1,0 km/klst. 12,2 m/40 sek.
Stjórntæki	24 V DC hlutfallsleg
Mál palls, (lengd x breidd)	1,42 m x 76 cm

Jafnvægi palls	sjálfstillandi
Snúningur palls	160°
Riðstraumsúttak á palli	venjulegt
Vökvaþrýstingur, hámark (bómuaðgerðir)	193 bör
Spenna kerfis	48 V
Dekkjastærð, gegnheilt gúmmí	22 x 7 x 17 3/4 to.
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s²	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s²	
Þyngd (Þyngd vélar er breytileg eftir uppstillingu valkosta)	Sjá raðnúmeraplötu

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða		
Mótvægi upp í móti	35%	19°
Mótvægi niður í móti	20%	11°
Hliðarhalli	25%	14°
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.		

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA

Upplýsingar um hleðslu á gólfi	
Þungi á dekk, að hámarki	2 926 kg
Snertiþrýstingur dekkja (hvert dekk)	7,24 kg/cm² 710 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	14,75 kPa 1 504 kg/m²

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlanir og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Pær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

TÆKNILÝSING

Z-34/22	
Hæð, hámark fyrir vinnu	12,5 m
Hæð, hámark fyrir pall	10,5 m
Hæð, hámark frágenginn	2 m
Hámarksseiling lóðrétt	6,8 m
Breidd	1,7 m
Lengd, frágenginn	5,6 m
Hámarksburðargeta	227 kg
Hámarksvindhraði	12,5 m/s
Hjólhaf	1,9 m
Snúningsgeisli (ytri)	4 m
Snúningsgeisli (innri)	1,8 m
Hæð frá jörðu	15 cm
Snúningur snúanlega hlutans (gráður)	355°
Endasveifla hringsnúnings	0
Aflgjafi	8 flokkur 902, J305, 6 V 315 AH rafgeymar
Akturshraðar, hámark	
Bóma frágengin,	6,4 km/klst. 12,2 m/6,8 sek.
Bómur á lofti eða útsettar	1,0 km/klst. 12,2 m/40 sek.
Stjórntæki	24 V DC hlutfallsleg
Mál palls, (lengd x breidd)	1,42 m x 76 cm
Jafnvægi palls	sjálfstillandi
Snúningur palls	160°
Riðstraumsúttak á palli	venjulegt
Vökvaþrýstingur, hámark (bómuaðgerðir)	193 bör
Spenna kerfis	48 V
Dekkjastærð, ANSI	Stærð 9-14,5 LT
Dekkjastærð, CE og Ástralía Aðeins froðufyllt	9-14,5
Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2	
Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2	
Þyngd (Þyngd vélar er breytileg eftir uppstillingu valkosta)	Sjá raðnúmeraplötu
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	
Mótvægi upp í móti	30% 17°
Mótvægi niður í móti	20% 11°
Hliðarhalli	25% 14°
Ath.: Málgildi halla er háð ástandi yfirborðs og viðeigandi gripi.	
Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	< 70 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	< 70 dBA
Upplýsingar um hleðslu á gólfi	
Þungi á dekk, að hámarki	2 654 kg
Snertiþrýstingur dekkja (hvert dekk)	7,03 kg/cm^2 689 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli	11,44 kPa 1 167 kg/m^2
Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlanir og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.	

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

TÆKNILÝSING

Hreyfingasvið

